



GOLFKLÚBBUR REYKJAVÍKUR

Reglur um golfkennslu í Básum

1. Golfkennsla í Básum er eingöngu heimil kennurum sem hafa hlotið formlegt samþykki Golfklúbbs Reykjavíkur (GR).
2. Þar sem kennslumottur eru í takmörkuðu magni hafa kennarar með langtímasamning við GR forgang að aðstöðu.
3. Kennarar skulu bóka kennslu í gegnum skilgreindar leiðir og eru einungis þeir kennarar sem hafa hlotið samþykki GR auglýstir á heimasíðu Bása.
4. Öll önnur kennsla í Básum er stranglega bönnuð og varðar brottvísun úr Básum og bann við notkun aðstöðunnar ótímabundið. Alvarleg brot geta varðað tafarlaustum brottrekstri úr GR.
5. Samþykktir kennarar starfa samkvæmt þeim reglum sem stjórn GR setur um kennslu hverju sinni.
6. Samþykki til kennslu er gilt út það almanaksár sem leyfið er veitt.
7. Kennarar greiða endurgjald fyrir afnot af Básum samkvæmt samningi sínum. Þeim er skylt að skrá kennslu í samráði við stjórnendur Bása.
8. Verði kennarar uppvísir að því að fara á svig við þessar reglur eða aðrar reglur sem gilda í Básum er heimilt að svipta þá kennsluréttindum án aðvörunar.
9. Kennsla skal fara fram á opnunartíma Bása á virkum dögum og fyrir kl. 12:00 um helgar. Kennsla er bundin við þann fjölda bása sem hverju sinni er heimilaður til kennslu.
10. Kennsluaðstaða er á annarri hæð Bása og, í sérstökum tilfellum, á þriðju hæð. Kennsla er óheimil á jarðhæð. Þetta gildir þó ekki um afreksstarf. Kennurum er heimilt að kenna á Grafarkotsvelli á því svæði sem stjórnendum Bása hafa veitt leyfi fyrir.
11. Merkingar á kennsluaðstöðu skulu vera í samræmi við reglur Bása. Óheimilt er að taka frá kennsluaðstöðu nema gild bókun í kennslu liggi fyrir.



GOLFKLÚBBUR REYKJAVÍKUR

12. GR kemur ekki að innheimtu á greiðslu fyrir kennslu en áskilur sér rétt til að vísa kennurum frá sé innheimta þeirra með óeðlilegum hætti og rökstuddur grunur leikur á um að slíkt geti skaðað ímynd GR.
13. Stjórn GR vill tryggja aðgengi allra félagsmanna og annarra kylfinga sem kjósa að nýta sér þjónustu menntaðra golfkennara. Lögð er rík áhersla á fagmennsku, kurteisi, þjónustulund og auðmýkt þeirra sem sinna kennslu í Básum. Sömu kröfur eru gerðar til iðkenda sem nýta sér þjónustuna.
14. Allar ábendingar, kvartanir eða önnur mál sem varða rekstur Bása skulu berast forstöðumanni Bása og/eða framkvæmdastjóra GR. Slík mál verða eftir atvikum lögð fyrir stjórn GR og/eða viðeigandi undirnefnd til umfjöllunar.

GR áskilur sér rétt til að breyta reglum þessum ef tilefni verða til þess. Breytingar skulu tilkynntar á vefsíðu Bása.

Stjórn GR